

1. Þingsetning

Formaður HSÍ Knútur G. Hauksson setti 54. Ársþing HSÍ og bauð þinggesti velkomna en það er haldið í Vodafone höllinni, þar sem úrslit yngri flokka fara fram. Hvetur hann þinggesti til að fylgjast með leikjunum bæði í þinghléi og eftir þinghaldið.

2. Kostning þriggja manna í kjörbréfanefnd

- Davíð Hjaltested
- Ingibjörg Ragnarsdóttir
- Þorbjörg Gunnarsdóttir

Engar aðrar tillögur bárust og enginn hreyfði við mótbárum, var kjörbréfanefnd samþykkt með lófaklappi.

3. Kostning þingforseta og varaþingforseta

Formaður bar upp tillögu um Sigurjón Pétursson sem þingforseta. Engar aðrar tillögur né athugasemdir bárust. Var því Sigurjón lýstur réttkjörinn þingforseti. Þá var Davíð B. Gíslason tilnefndur til varaforseta. Engar athugasemdir voru gerðar og var Davíð því rétt kjörinn varaforseti þingsins.

4. Kostning þingritara og varaþingritara

Formaður lagði fram tillögu um Ástu Óskarsdóttur sem þingritara og Þorbjörgu Gunnarsdóttur sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur bárust og voru þær því réttkjörnar sem þingritarar. Hófu þær þegar störf.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs hefur verið á vef HSÍ í langan tíma en er ekki dreift sérstaklega hér á þinginu en hún er lög fram formlega hér með. Þinggerð er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson forseti Íþróttá og Ólympíusambands Íslands bað um orðið:

Ágæti þingforseti, formaður og forysta HSÍ og heiðursfélagar. Ég vil nú byrja á að færa ykkur kveðju framkvæmdastjórnar Íþróttá og Ólympíusambands Íslands. Við erum nú stödd hér nokkur úr stjórninni bæði Helga, Steinunn Jónsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson og síðan Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri. Ég vil nú reyndar byrja á að taka undir með formanni í opunar orðum að þetta er glæsileg umgjörð að vera í Vodafone höllinni þar sem á sama tíma er að fara fram keppni í yngri flokkum, það svona einhvernvegin gefur manni hjartað í hreyfingunni að geta farið hér fram í hléum og eftir þing og fengið að horfa á það sem við erum að vinna við í hreyfingunni, flest okkar í sjálfbæðisstörfum, og ekki skemmir fyrir því að þetta

er á hápunkti í úrslitakeppni þar sem við vorum með hörkuleik í gær, þannig að umgjörðin er góð og væntanlega mikið álag og annríki á skrifstofu HSÍ þessu samfara við að skipuleggja þing. En varðandi íþróttalegan árangur þá náði ég aðeins að glugga í skýrsluna sem væntanlega á eftir að flytja af hálfu formanns. Það er auðvitað þannig að þetta er eitt af okkar flaggskipum í íþróttahreyfingunni það er engin launung á því og þegar við erum að koma af heimsmeistaramótinu í Svíþjóð óánægð með því að tapa leik um fimmta sæti þá segir það kannski margt um þá stöðu sem að íslenskur handknattleikur er kominn í og þann metnað sem er í þessari hreyfingu. Það er auðvitað að endurspegla það sem er verið að vinna að hér og búið að byggja upp á áratugum að vera ósátt við sjötta sæti í leik þar sem við erum að keppa um fimmta sæti. Ekki síður sú staðreynd að við erum að sjá kvennaliðið í keppninni í Danmörku og Noregi og ég tek alveg undir með því sem kemur fram í skýrslu stjórnar hér í pappírnum að þar er verið opna dyr sem hægt er að byggja ofan á og sú reynsla sem fæst er ómetanleg. Ég vil óska ykkur til hamingju með það. Síðan er það einfaldlega þannig að vera með yngri landsliðin meira og minna í öllum úrslitum hvar sem að niður er komið er ekki bara góður íþróttalegur árangur heldur ekki síður fjárhagslega krefjandi, það er nú það sem við höfum verið að fjalla mikið um á vettvangi Íþrótt- og Ólympíusambandsins Íslands eru einmitt fjármálin. Það hefur auðvitað verið mikið áhyggjuefni hvernig búið hefur verið að íþróttahreyfingunni frá hrúni og það er auðvitað atriði sem handknattleikshreyfingin hefur fundið mikið fyrir, hafa þurft að treysta mikið á sterka styrktaraðila sem fóru margir hverjir illa út úr efnahagshruninu. Það er í raun aðdáunarvert að sjá hér reikninga sem að fela í sér hagnað og það virðist vera mjög ábyrgur rekstur á bak við þessa miklu starfsemi sem að hér er og síðan er jafnframt eiginfjárstaða sem hægt er að byggja á sem er býsna myndaleg sem hlutfall af veltu sem þó fer vaxandi. Ég vil auðvitað samt hvetja menn til að veðsetja ekki þetta framtíðarstarf sem búið er að byggja upp og við erum með hér í salnum til hliðar. En þetta er auðvitað eitthvað sem getur farið mjög hratt ef að við höldum illa á spilunum og þar er auðvitað mikilvægt að vita til þess að sú stjórn og skrifstofa sem þið hafið yfir að ráða er býsna öflug á því sviðið og það hefur verið mjög gott samstarf við Knút Hauksson og Einar Þorvarðarsson og þeirra fólk og það auðvitað afar mikilvægt fyrir bæði ykkur og okkur hjá ÍSÍ að hafa gott fólk sem stýrir hlutunum og gott er að eiga samskipti við. Þannig að þau hafa verið ykkur góðir málsvarar. Nú varðandi ríkisvaldið þá er það náttúruluega hlutur sem að við höfum verið að fjalla mikið um en ég ætla ekki að taka mikinn tíma hér, einhver ykkar voru kannski á síðasta Íþróttabingi þar sem þau mál voru töluvert til umfjöllunar. Við gerðum samninga við ríkisvaldið árið 2006 til þriggja ára sem enduðu hálfnaðir í miðju hrúni og voru ekki bara stöðvaðir heldur voru samningar um hækkanir sem ekki komu fram heldur voru framlögin sem komin voru skorin niður. Bæði er ég að tala um sérsambandsframlög, ferðakostnaðarsjóð og síðast en ekki síst afrekssjóð sem er auðvitað verst af öllu þar var gerður samningur árið 2003 upp á 30 milljónir til fimm ára og hann heppilega rann út í árslok 2008 og við vorum búin að vera á fundum í september 2008 eftir að við stigum niður af Arnarhóli með handboltalandsliðunum eftir fagnaðarlætin þar og ætluðum að fara að semja bæði við Ólympíufjölskylduna og ríkissjóð um framlög í afrekssjóð og í stað þess að hann hafi hækkað síðan þá er hann 24,7 milljónir. Sem þýðir á raunvirði að hann er innan við helmingur af því sem samið var um síðast árið 2003. Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál fyrir handknattleikshreyfinguna því að í hópi þeirra sem mest hafa fengið úthlutað úr þeim sjóð er

handknattleikurinn og þá af verðleikum. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við verðum að vinna að sameiginlega að setja þrýsting á ég vil bara vísa ykkur á að þið getið bara lesið ræðuna mína frá þinginu hún er inni á heimasíðu ÍSÍ. Ég vil að lokum bara fá að þakka Knútur fyrir samstarfið og óska þeirri stjórn sem hér verður kjörin velfarnaðar í sínum störfum og hlakka til að eiga samskipti við hana og vonast til að þið þingfulltrúar eigið hér gott þing.

7. Álit kjörbréfanendar lagt fram og samþykkt

Þorbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi kjörbréfanendar kom fram og las upp mætingu þingfulltrúa. Þeir voru alls 38, en 88 þingfulltrúar eiga rétt á setu. Kjörbréfanend heldur áfram að starfa.

8. Kostning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og alsherjanefnd þingsins

Það kveður á það í lögum sambandsins að kjósa skuli í þessar þrjár nefndir en vegna eðlis og lítils fjölda tillagna sem liggja fyrir þinginu er það tillaga frá stjórninni að málsmeðferð verði aðeins breytt í þá verðu að við kjósum þrjá menn í alsherjar- og laganefnd saman. Einnig er kosið um þrjá menn í fjárhagsnefnd. Ekki var gerð athugasemd við þessa tilhögun

- Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:
 - Hannes Karlsson
 - Ásta Óskarsdóttir
 - Hallur Halsson
- Í Laga-, reglna og alsherjarnefnd voru tilnefnd:
 - Baldur Svarvarsson
 - Valdimar Óskarsson
 - Ólafur Arnarsson

Allir tilnefndir nefndarmeðlimir töldust réttkjörnir þar sem engar athugasemdir né gangtillögur bárust.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Knútur G. Hauksson fékk aftur orðið og fylgdi skýrslu stjórnar úr hlaði:

Rekstrarumhverfi sérsambands eins og HSÍ var erfitt á síðasta ári og ljóst er að það umhverfi er ekki að batna. Útgjöld sambandsins er að stórum hluta í erlendum gjaldmiðli vegna þátttöku landsliða í undankeppnum og lokamótum. Með hruni íslensku krónunnar hafa rekstrargjöld stórlega aukist meðan tekjur eru allar í íslenskum krónum. Þá hefur rekstrarumhverfi samstarfsfélaga sambandsins einnig verið erfitt sem óneitanlega hefur áhrif á okkar tekjur. Stjórnvöld hafa einnig dregið verulega úr framlögum til íþróttamála en eins og fram kom í máli

Ólafs E Rafnssonar forseta ÍSÍ í setningarræðu hans á síðasta íþróttapingi að þá hafa framlög til afrekssjóðs ÍSÍ dregist verulega saman og þau nema nú um 5% af þeirri upphæð sem varið er til listamannalauna. Framlög í sjúkrasjóð, ferðasjóð og ýmsa aðra liði hafa einnig verið skert verulega sem hefur bein áhrif á rekstrarumhverfi aðildarfélaga HSÍ. Vert er að hafa þennan niðurskurð í huga næst þegar við fyllumst þjóðarstolti við það að vera saman komin og fagna glæsilegum árangri íslenskra handknattleikslandsliða eins og við höfum gert svo oft undanfarið. Þrátt fyrir allt þetta erfiða umhverfi jukust tekjur sambandsins verulega á síðasta ári. Kemur þar til vegna auka framlags ríkisins vegna bronsverðlauna á EM, vegna tekjuátaks sem stjórn sambandsins fór í, í tengslum við EM karla í janúar og vegna aukinna tekna í tengslum við landsleiki. Tekjur sambandsins jukust því um 32% og gert er ráð fyrir að þær minnki aftur á yfirstandandi ári. Ég get fullyrt að fjármál sambandsins eru rekin af mikilli ábyrgð og hvergi er bruðlað með fé þó alltaf megi betur gera. Gjöld jukust um 10% og munar þar mest um greiðslur til verktaða, þátttaka kvennalandsliðsins á stórmóti í fyrsta sinn og einnig gerðum við auknar varúðarfærslur. Hagnaður sambandsins var því tvær milljónir sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári þegar sambandið var rekið með rúmlega 23 milljón króna tapi. Það er hinsvegar ljóst að það verður að gera mikið átak í að styrkja rekstrargrundvöll sambandsins til langframa ef við ætlum okkur áfram að halda uppi þeirri afreksstefni sem við höfum fylgt undanfarin ár. Um 73% af tekjum sambandsins eru sjálfsafla fé og ég held að ég geti fullyrt að ekkert sérsamband sé með jafn hátt hlutfall. Það er hinsvegar ekki ásættanlegt að hið opinbera aðstoði okkur við útgjöld vegna stórmóta eingöngu þegar og ef við komum heim með verðlaunapening um hálsinn en ekki þegar við „náum bara 6. Sæti á heimsmeistaramóti“. Þetta er verkefni sem ný stjórn verður að vinna að af mikilli festu.

Iðkenda fjöldi innan vébanda HSÍ hefur aukist nokkuð jafnt og þétt frá árinu 2000 og er það vel. Kynjamunurinn í handboltanum er einn sá jafnasti innan íþróttasviðs ÍSÍ. Þá er all nokkur aukning á áhorfendatölum frá því að N1 samningurinn var gerður og hafa nokkur félög hafa lagt mikinn metnað í bæði framkvæmd og umgjörð leikjanna og hefur það í flestum tilvikum gengið eftir að þar sem vel er vandað til verksins hefur aðsókn á leikina aukist og stemmningin í kringum bæði lið og áhorfendur verið öflugri. Áhorfendatölur sjónvarps á beinar útsendingar eru mjög góðar bæði á karla og kvennaleiki N1 deildarinnar svo ekki sé minnst á beinar útsendingar af landsleikjum en þar mælist áhorf stundum yfir 80%.

Eins og alltaf hefur umfjöllun um úrvalsdeild karla og kvenna þá hefur hún verið æði misjöfn meðal fréttamiðla nú sem endranær. Eflaust hefur erfitt ástand á fjölmiðlamarkaðnum haft óneitanlega haft sitt að segja. Á milli HSÍ og RÚV er samningur um sjónvarpsréttinn á úrvalsdeildum karla og kvenna, ásamt landsleikjum og munu útsendingar á þessu keppnistímabili verða alls 48 talsins. Samstarfið við RUV hefur verið gott en erfitt hefur verið um vik að koma leikjum inn í dagskrána á virkum dögum. Sport TV sendir út beinar útsendingar á völdum leikjum á netinu og urðu þær rúmlega 40 talsins. Stöð 2 sport fékk sjónvarpsréttinn að HM karla að þessu sinni en þeir áttu hæsta tilboð í sjónvarpsréttinn. Urðu mikil blaðaskrifa vegna þessa en HSÍ átti engan þátt í þeirri sölu. Umfjöllunin um HM 2011 var Stöð2 sport til fyrirmyndar og má segja að þeir hafi gefið tóninn um það hvernig skal standa að góðri umfjöllun i kringum svona stórkeppnir. Þá er mikilvægt að HSÍ ásamt forystufólki ÍSÍ standi fast á rétti okkar varðandi

sjónvarpsútsendingar en eins og við vitum öll hefur hið opinbera á döfinni að þjóðnýta – bóttalaust – hugverkaréttindi okkar sem við höfum unnið að í mikilli sjálfböðavinnu og er einn af mikilvægustu stoðum okkar til tekjuöflunar.

N1 er samstarfsaðili Úrvalsdeilda karla og kvenna og hefur mikið fjármagn verið sett til þess að auglýsa deildirnar og koma mótinu á framfæri. Keppnistímabilið 2010 – 2011 er leikið eins og í fyrra nema eitt kvennalið bættist við og voru átta karlalið og tíu kvennalið í hvorri Úrvalsdeild og er leikin þreföld umferð hjá körlum en tvöföld umferð hjá konum en síðan tekur við úrslitakeppni fjögurra efstu liða. Akureyri varð deildarmeistarar karla og Valur deildarmeistarar kvenna og varð síðan Íslandsmeistari eftir úrslitaleiki við Fram þar sem einn magnaðasti úrslitaleikur átti sér stað sem endaði í vítakastkeppni. 1. deildin er með sjö liðum og hefur hún gengið nokkuð vel þó að nokkur getumunur sé á milli liða þar. Sigurvegarar 1. deildar karla varð lið Gróttu og munu þeir leika í N1 deildinni að ári, þá vann Afturelding sér rétt til að leika áfram í N1 deildinni eftir umspilsleiki.

Eimskip kom inn í sem samstarfsaðili fyrir Bikarkeppnina haustið 2007 og hefur úrslitahelgin í Eimskipsbikarnum verið vinsælli með hverju árinu enda mikið lagt í alla umgjörð og framkvæmd úrslitaleikjanna. Hægt er að fullyrða að umgjörðin nú í ár hafi verið sú glæsilegasta. RÚV sýndi beint frá úrslitaleikjum í meistaraflokki karla og kvenna, og jafnframt voru allir úrslitaleikir í yngri flokkum sýndir á netinu í gegnum Sport TV. Bikarmeistarar kvenna varð Fram eftir úrslitaleik við Val og í karlaflokki léku til úrslita Valur og Akureyri og urðu Valsmenn bikarmeistarar .

Deildarkeppni er í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótahald gengið vel og er ljóst að mótanefnd HSÍ hefur staðið sig mjög vel á þessu keppnistímabili. Í 5-8 flokki er mótunum úthlutað til félagana og hefur sú framkvæmd gengið vel.

Eins og áður voru verkefni landsliða mjög mörg og mismunandi. Alls léku landslið á vegum HSÍ 78 landsleiki og er beinn kostnaður sambandsins um og yfir 100 milljónir vegna allra landsliða en það er um 60% af öllum rekstrarkostnaði HSÍ. Karlalandsliðið tók þátt í mörgum verkefnum á árinu 2010 og var íþróttalegur árangur góður hjá liðinu. Upp úr stendur bronsverðlaunin á EM og með þeim góða árangri komst liðið beint inn á HM í Svíþjóð í janúar síðastliðinn. Liðið vann síðan sinn riðil á HM í Svíþjóð og endaði í 6. sæti keppinnar og komst með þeim árangri inn á forkeppni Ólympiuleikana sem fram fer vorið 2012. Nú er liðið að berjast um sæti á EM í Serbíu og verður liðið að sigra báða leikina sem eftir eru í riðlinum til þess að það takist.

Verkefni kvennalandsliðsins voru fjölmörg og tók liðið þátt í forkeppni fyrir EM 2010 og lenti í öðru sæti og þar með komst það í fyrsta skipti í úrslit Evrópumeistaramóts kvenna. Liðið lék síðan átta landsleiki til undirbúnings fyrir EM sem fram fór í Danmörku og Noregi og var vandað til alls undirbúnings en liðið lenti síðan í 15 sæti á mótinu. Þjálfari liðsins var Júlíus Jónasson en samningi hans lauk um áramót 2010-2011 og vill HSÍ nota tækifærið og þakka honum og Finnboga Grétari Sigurbjörnssyni samstarfið. Liðið undirbýr sig nú fyrir play off leiki á móti Úkraínu sem fara fram í byrjun júní en ef íslenska liðinu tekst að vinna þá leiki kemst liðið inn á úrslitakeppni HM í fyrsta skipti.

Verkefni yngri landsliða voru mörg og árangurinn misjafn. Þó er ljóst að efniviðurinn er góður og með góðu ut anum haldi og góðu samstarfi við aðildarfélög er framtíðin björt hjá Íslendingum hvað A landslið í handbolta varðar

Á síðasta ári voru haldnir 14 formlegir stjórnarfundir og 4 formannafundir þar sem öll helstu málefni hreyfingarinnar voru rædd og stefna sett á framtíðina. Við í stjórn töldum nauðsynlegt að hreyfingin setti sér langtímastefnu. Við fengum Capacent í lið með okkur og kölluðum einnig til marga úr hreyfingunni sem þekkja til hinna ýmsu málaflókka. Nú er svo komið að við erum komin með fyrstu drög að stefnu og áætlum við að ljúka þessari vinnu í lok máí mánaðar. Vil ég fá að kynna fyrir ykkur aðferðarfræðina og helstu niðurstöður.

Samþykkt stefnu felur í sér að verið er að gefa hinum ýmsu hagsmunaaðilum ákveðið loforð um hvað muni einkenna starfsemina og hverjar séu helstu áherslur næstu árin. Tryggja þarf að þættir eins og skipulag og stjórnun styðji við framsetta stefnu. Það fólk sem vinnur að framgangi stefnunnar þarf að hafa til að bera rétta hæfni og viðhorf þannig að uppfylling stefnunnar verði í samræmi við sett markmið. Til staðar þurfa að vera tölvu- og upplýsingakerfi sem gera það kleift að ná settum markmiðum.

Þetta er sett upp þannig að við erum að skapa loforðin, hvernig við stiðjum við loforðin og stöndum síðan við þau. Það sem við höfum sagt að vöxtur og viðgangur handknattleikssambandsins byggir á því að nægjanlegur fjöldi þátttakenda leggi stund á íþróttina til þess að svo megi vera þarf að margt að haldast í hendur innan starfi hreyfingarinnar. Markvist afreksstarf að mun veita okkur árangur á alþjóðavísu og eins og við vitum þegar okkur gengur vel og yfir 80% þjóðarinnar situr og gleymir kreppuástandinu fyllist þjóðarstolti þá eykst iðkendafjöldinn og þetta verður hringrás sem að styður mjög vel við okkur. En til þess þurfum við að hafa stefnu til næstu ára og við höfum sett þá stefnu til 2015. Það eru fimm verkefnahópar sem að við höfum skipt niður þe. Fræðslumál, Mótamál, landsliðsmál, dómaramál og rekstur og innrimál hreyfingarinnar. Eins og fyrr segir þá koma margir að þessu bæði frá stjórn og innan hreyfingarinnar. Þetta verðu kynnt aðildarfélögunum fljótlega en við höfum sett til að mynda í dómaramálum. Stefnustefið er að dómaraastéttin nýtur sanmælis og virðingar, hvetjandi starfsumhverfi, tryggja stöðugt framboð frambærilegra dómara sem eru eftirsóttir á alþjóðlegum vettvangi. Það sem við erum að segja þarna að við viljum einnig eiga dómara í fremstu röð alþjóðlega alveg eins og við eigum handboltalið, það þarf að skapa þeim betra umhverfi við þekkjum það öll þegar við stöndum og æpum og öskrum á þá. Við höfum sett okkur markmið hvernig við ætlum að geta mælt þetta og hvernig við ætlum að mæla að við höfum náð þessu. Það verðu að nægt framboð verði að menntuðum dómurum, eftirlitsmönnum, tímavörðum, riturum og leiðbeinendum bæði hjá félögum og HSÍ. Íslenskir dómara í fremstu röð á alþjóðlegum vettvangi og dæma á stórkeppnum. Traustur fjárhagslegur grunnur er til staðar til að standa vel að dómaramálum. Dómara starfið nýtur virðingar bæði hjá leikmönnum og öðrum sem tengjast íþróttinni, skipulag dómaramála er í föstum skorðum. Þetta eru þau markið í dómaramálum sem við höfum sett okkur að ná til ársins 2015. Hverju markið eru síðan aðgerðir tímasettar. Eins er sett upp með alla hina flokkana og of langt mál að fara með það hér.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á samstarfinu við þessa aðila. En eins og ég sagði áðan er um 73% af okkar tekjum sjálfsaflafé. En þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi hefur okkur tekist að halda í alla okkar samstarfsaðila og náð langtímasamningum.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki HSÍ fyrir frábært starf síðastliðið ár stöðugildi okkar eru ekki nema tvö og hálf, það er með ólíkindum að við getum haldið úti sambandi eins og HSÍ með þeirri afreksstefnu sem við erum með flott Íslandsmót, frábærri bikarkeppni og erum með landslið sem eru að keppa eins og ég sagði hér áðan við erum með 78 landsleiki við erum að spila á öllu helstu stórmótum og við erum að reka þetta á tveimur og hálfu stöðugildi fyrir 156-160 milljónir geri aðrir betur. Einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu HSÍ. Er það ómetanlegt fyrir sambandið. Þá vil ég þakka stjórnarmönnum HSÍ fyrir gott samstarf sem og forsvarsmönnum aðildarféлага. Þá vil ég sérstaklega þakka Kjartani Steinback fyrir gott samstarf og fyrir hans óeigingjarna framlag til stjórnar HSÍ en hann hefur ákveðið að bjóða sig ekki fram til endurkjörs. Við munum þó njóta krafta hans áfram í ýmsum málaflokkum.

Að lokum óska ég okkur öllum góðs ársþings.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

53. Ársþing HSÍ var haldið í Laugardalshöll í Laugardal 21.apríl 2010. Fyrir þinginu lágu nokkrar lagabreytingar, en stjórn HSÍ sér um breytingar á reglugerðum sambandsins. Á þinginu var kosin formaður annað árið í röð Knútur G Hauksson en formenn eru kosnir til eins árs samkvæmt lögum HSÍ. Aðrir sem kosnir voru til tveggja ára eru Guðjón L Sigurðsson, Árni Þór Árnason, Kristján Arason og Gunnar Erlingsson. Hörður Davíð Harðarson hætti í stjórn en hann var formaður fræðslu og útbreiðslunefndar. Voru Herði þakkað gott og óeigingjarnt starf í þágu HSÍ. Gunnar Erlingsson var kosinn formaður fræðslu og útbreiðslunefndar á ársþinginu.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 14 bókaða fundi. Þar fyrir utan voru haldnir 4 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérust þeir fundir um málefni hreyfingarinnar, kynningar á N1 deildunum og Eimskipsbikarnum, málefni 1 deildar karla, um mótakerfið í efstu deildum, sjónvarpsmál og komandi Ársþing HSÍ. Eins og undanfarin ár eru ekki allir sammála um mótakerfið í úrvalsdeild karla þó flestir séu á því að núverandi fyrirkomulag sé gott og að nauðsynlegt sé að halda stöðugleika í fyrirkomulaginu.

Varðandi umfjöllun í úrvalsdeild karla og kvenna þá hefur hún verið misjöfn hjá fjölmiðlum almennt, þar sem ástand á fjölmiðlamarkaðnum hefur óneitanlega haft sitt að segja. Sport TV sendir út beinar útsendingar á völdum leikjum á netinu og urðu þær rúmlega 40 talsins. Á milli HSÍ og RÚV er samningur um sjónvarpsréttinn á úrvalsdeildum karla og kvenna, ásamt landsleikjum og munu útsendingar á þessu keppnistímabili verða 48 talsins. Samstarfið við RUV hefur verið gott en erfitt hefur verið um vik að koma leikjum inn í dagskrána á virkum dögum. Stöð 2 sport fékk sjónvarpsréttinn að HM karla að þessu sinni en þeir áttu hæsta tilboð í sjónvarpsréttinn. Urðu mikil blaðskrif vegna þessa en HSÍ átti engan þátt í þeirri sölu. Umfjöllunin um HM 2011 var Stöð2 sport til fyrirmyndar og má segja að þeir hafi gefið tóninn um

Það hvernig skal standa að góðri umfjöllun í kringum svona stórkeppnir. Að sjálfsögðu vill HSÍ fá fleiri leiki í sjónvarpi en í árferði eins og er í dag er erfitt um vik.

HSÍ lagði fram ýmsar kröfur um umgjörð í kringum leiki í Úrvalsdeildum karla og kvenna fyrir þremur árum. Nokkur félög hafa lagt mikinn metnað í bæði framkvæmd og umgjörð leikjanna og hefur það í flestum tilvikum gengið eftir að þar sem vel er vandað til verksins hefur aðsókn á leikina aukist og stemmningin í kringum bæði lið og áhorfendur verið öflugri.

Rekstur sambandsins er þungur í því efnahags umhverfi sem nú er á Íslandi. Stór hluti af rekstrarkostnaði sambandsins verður til erlendis þar sem landsliðin keppa mikið á erlendri grundu og því hefur veikt gengi krónunnar haft mikil áhrif á rekstrarafkomu sambandsins. Verkefni margra landsliða koma inn stuttum fyrirvara þegar góður árangur vinnst eins og þegar U-20 ára landslið drengja og U-18 ára piltanna unnu sér rétt til þess að leika til úrslita á Evrópumeistaramótum þessara liða sem fram fóru í Serbíu og Slóvakíu. Kostnaður í slíkum mótum er á bilinu milli 250-350.000 á hvern einstakling.

Á árinu jókst velta sambandsins um rúmar 40 milljónir og er ástæða þess góður árangur karlandsliðsins og dugnaður forsvarsmanna sambandsins við söfnun þegar að vel gengur auk auknar tekjur vegna Landsleikja og svo 10.000.000.-kr. styrkur ríkisstjórnar Íslands árið 2010 vegna frábærs árangurs Íslenska karlandsliðsins í EM í Austurríki. Kostnaður við rekstur sambandsins er alltaf að aukast. Fjögur landslið léku til úrslita á Evrópumeistaramótum. Eins og fyrr segir stafar það einkum af veikni gengi krónunnar og er fargjaldakostnaður alltaf að hækka. Ljóst er að stjórn sambandsins þarf að forgangsráða í verkefnum landsliða og verður ekki hægt að taka þátt í öllum þeim mótum sem HSÍ stendur til boða. Stjórn HSÍ ákvað hins vegar að halda áfram þátttöku í öllum undankeppnum allra landsliða. Er það liður í áframhaldandi metnaðarfullu starfi sambandsins.

Samstarfsaðilar eru mjög mikilvægir í rekstri HSÍ og ekkert sérsamband er með eins stóran hluta tekna sinna af samstarfssamningum við styrktaraðila. Má segja að 70 -75% af tekjum sambandsins sé sjálfsaflafé sem aflað er í gegnum samstarfs- og stuðningsaðila HSÍ. Afreksmannasjóður úthlutaði styrkjum til karla og kvennalandsliðanna á árinu 2010 og er HSÍ að fá svipaða upphæð fyrir karlalandsliðið en hærri upphæð vegna kvennalandsliðsins þar sem liðið lék í úrslitakeppni EM.

ÍSLANDSMÓT N1 DEILDIRNAR

N1 er samstarfsaðili Úrvalsdeilda karla og kvenna og hefur mikið fjármagn verið sett til þess að auglýsa deildirnar og koma mótinu á framfæri. Keppnistímabilið 2010 – 2011 er leikið eins og í fyrra nema eitt kvennalið bættist við og voru átta karlalið og tíu kvennalið í hvorri Úrvalsdeild og er leikin þreföld umferð hjá körlum en tvöföld umferð hjá konum en síðan tekur við úrslitakeppni fjögurra efstu liða. Akureyri varð deildarmeistarar karla ekki er útséð með það hvort Akureyri eða FH verða íslandsmeistarar karla. Valur varð Íslands og deildarmeistarar kvenna. 1. deildin er með sjö liðum og hefur hún gengið nokkuð vel þó að nokkur getumunur sé á milli liða þar. Sigurvegarar 1. deildar karla varð lið Gróttu og munu þeir leika í N1 deildinni að ári.

EIMSKIPS BIKARINN.

Eimskip kom inn í sem samstarfsaðili fyrir Bikarkeppnina haustið 2007 og hefur úrslitahelgin í Eimskipsbikarnum verið vinsælli með hverju árinu enda mikið lagt í alla umgjörð og framkvæmd úrslitaleikjanna. Hægt er að fullyrða að umgjörðin nú í ár hafi verið sú glæsilegasta. RÚV sýndi beint frá úrslitaleikjum í meistaraflokki karla og kvenna, og jafnframt voru allir úrslitaleikir í yngri flokkum sýndir á netinu í gegnum Sport TV. Bikarmeistarar kvenna varð Fram eftir úrslitaleik við Val og í karlaflokki léku til úrslita Valur og Akureyri og urðu Valsmenn bikarmeistarar .

YNGRI FLOKKAR.

Deildarkeppni er í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótahald gengið vel og er ljóst að mótanefnd HSÍ hefur staðið sig mjög vel á þessu keppnistímabili. Í 5-8 flokki er mótunum úthlutað til félagana og hefur sú framkvæmd gengið vel.

LANDSLIÐIN.

Karllandsliðið tók þátt í mörgum verkefnum á árinu 2010 og var íþróttalegur árangur góður hjá liðinu, en það komst beint inn á HM í Svíþjóð vegna þess að það hlaut Bronsverðlaun á Evrópumeistaramótinu í Austurríki 2010. Liðið vann síðan sinn riðil á HM í Svíþjóð og endaði í 6. sæti keppinnar og komst með þeim árangri inn á forkeppni Ólympiuleikana sem fram fer vorið 2012. Nú er liðið að berjast um sæti á EM í Serbíu og verður liðið að sigra báða leikina sem eftir eru í riðlinum til þess að það takist. Guðmundur Þ Guðmundsson er þjálfari landsliðsins og honum til aðstoðar eru Óskar Bjarni Óskarsson, Gunnar Magnússon, Ingibjörg Ragnarsdóttir, Elís Þór Rafnsson, Pétur Gunnarsson, Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson.

Verkefni kvennalandslíðsins voru fjölmörg og tók liðið þátt í forkeppnisriðli fyrir EM 2010 og lenti í öðru sæti og þar með komst það í fyrsta skipti í úrslit Evrópumeistaramóts kvenna. Liðið lék síðan átta landsleiki til undirbúnings fyrir EM sem fram fór í Danmörku og Noregi og var vandað til alls undirbúnings en liðið lenti síðan í 15 sæti á mótinu. Þjálfari liðsins var Júlíus Jónsson en samningi hans lauk um áramót 2010-2011 og vill HSÍ nota tækifærið og þakka honum og Finnboga Grétari Sigurbjörnssyni samstarfið. Þeim til aðstoðar voru Kristinn Guðmundsson, Særún Jónsdóttir, Elís Þór Rafnsson, Gigja Kristinsdóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir. Nú á vordögum voru ráðnir tímabundið þeir Ágúst Jóhannsson og Einar Jónsson og munu þeir stjórna og undirbúa kvennalandslíðið fyrir play off leiki á móti Úkraínu sem fara fram í byrjun júní en ef íslenska liðinu tekst að vinna þá leiki kemst liðið inn á úrslitakeppni HM í fyrsta skipti.

20.ára landslið pílta komst í úrslit á EM í Slóvakíu á auðveldan hátt þar sem að Eldgosið í Eyjafjallajökli varð til þess að forkeppninni varð aflýst og fékk Ísland sæti beint inn á mótið sem fram fór í júlí 2010 en liðið hafnaði í 8 sæti. Eftir það að hafa lent í 8. sæti varð liðið að fara í forkeppni fyrir HM í janúar s.l. og lenti liðið í 2. sæti í riðlinum og komst ekki áfram. Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson eru þjálfarar liðsins og liðsstjóri er Sverrir .

20. ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni HM síðastliðið vor en hún fór fram í Rúmeníu. Liðið sem fór saknaði nokkurra leikmanna sem valdir voru í A-landslið kvenna sem hafði forgang vegna

leikjanna tveggja sem voru við Frakkland og Austurríki. Þjálfarar voru Stefán Arnarsson og Guðríður Guðjónsdóttir og þeim til aðstoðar Valgeir Viðarsson og Viðar Halldórsson.

18 ára landslið drengja tók þátt í forkeppnisriðli EM sem haldin var í Belgíu og varð liðið í öðru sæti og komst þar með áfram í úrslitakeppni EM í Svartfjallalandi. Í úrslitakeppninni lenti liðið í 12. sæti af 16 liðum. Heimir Ríkharðsson er þjálfari liðsins og honum til aðstoðar hafa verið Arnar Þorkelsson Einar Jónsson, Jóhannes Lange og Magnús Jónsson.

18.ára landslið stúlkna tók þátt í opna EM sem fram fer í Partille í Svíþjóð og hafnaði liðið í sæti. Guðríður Guðjónsdóttir og Ómar Örn Jónsson eru þjálfarar liðsins, þeim til aðstoðar eru Hafdís Guðjónsdóttir og Særún Jónsdóttir

16. ára landslið drengja hefur verið kallað til æfinga og hefur komið saman 5 sinnum á árinu og fóru þeir í keppnisferð til Noregs og léku 3 vináttuleiki við heimamenn. Andri Sigfússon hefur verið verkefnastjóri þessa hóps og honum til aðstoðar hafa verið þeir Kristján Halldórsson, Magnús Jónsson og Kristinn Guðmundsson. Sigurgeir Jónsson

16. ára landslið stúlkna hefur æft 4 sinnum á tímabilinu og þjálfarar eru Hilmar Guðlaugsson og Sigurgeir Jónsson.

15. ára landslið drengja hefur æft 5 sinnum saman á tímabilinu og verkefnastjórar þar eru Andri Sigfússon og Jakob Lárusson.

15. ára landslið stúlkna var sett í gang síðastliðið haust og þjálfarar þar eru Dána Guðjónsdóttir og Unnur Sigmarsdóttir

SAMSTARFSAÐILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, og má þar fremsta nefna N1, Visa, Vífilfell, Icelandair, Arion banki, RÚV, Sportland, Hekla, VÍS, Stoð, Flugfélag Íslands, Eimskip, Pósturinn, Laugar, Fönn, Lyfja, VR, prentsmiðjan Oddi, Samskip, Lengjan; Tengi, Gogogic, Kine og Margt smátt. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á samstarfinu við þessa aðila.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt starfsfólki HSÍ þeim Róbert Gíslasyni og Þorbjörgu Gunnarsdóttur. Ingibjörg Ragnarsdóttir hefur séð um búningamál fyrir öll landsliðin og verið liðstjóri karlalandsliðsins. Stöðugildi eru tvö og hálf um áramót 2010/2011.

Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki HSÍ fyrir frábært starf síðastliðið ár og einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu HSÍ. Er það ómetanlegt fyrir sambandið. Þá vil ég þakka stjórnarmönnum HSÍ fyrir gott samstarf sem og forsvarsmönnum aðildarfélaga.

Formaður HSÍ

Knútur G Hauksson

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA HSÍ
--

Nefndarskipan hélst óbreytt frá síðasta starfsári enda var nefndin samstæð í verkum.

Árni Þór Árnason - formaður

Guðbjörg Jónsdóttir - ritari

Aðalheiður Pálmadóttir - fjármál

Ásmundur Jónsson - þjálfunarmál

Þorbjörg Gunnarsdóttir - tengsl við skrifstofu

Með nefndinni starfaði sem aðjóðlegur stuðningsmaður Helga H. Magnúsdóttir

og kunnum við henni bestu þakkir fyrir góð ráð.

Helstu markmið nefndarinnar voru sem hér segir og var unnið að þeim í samráði við

ýmsa aðila og reynt að fara ótroðnar slóðir þar sem það á við.

- 1) Bæta umgjörð kvennalandsliðsins.
- 2) Samhæfð þjálfun allra kvennalandsliða
- 3) Fá góða þjálfara til að þjálfva kvennaliðin
- 4) Fá fleiri konur til að leggja fyrir sig þjálfun
- 5) Fá fleiri konur til að leggja fyrir sig dómarastarf
- 6) Koma upp fullkominni skrá yfir allar fyrrum landsliðskonur
- 7) Vera með 3 góða styrktaraðila sem leggja til 7-8 milljónir á ári til viðbótar framlagi frá sambandinu.

Landsliðsþjálfarar þetta starfsár voru:

A- landslið Júlíus Jónasson og Finnbogi Sigurbjörnsson til 31.12.2010

Ágúst Þór Jóhannsson og Einar Jónsson frá mars -júni 2011.

19 ára liðið Guðríður Guðjónsdóttir & Ómar Örn Jónsson

17 ára liðið Ómar Örn Jónsson & Sigurgeir Jónsson

15 ára liðið Unnur Sigmarsdóttir og Dána Guðjónsdóttir

Sérstakir samstarfsaðilar að málefnum kvennalandsliða voru áfram LYFJA, ÍSLANDSPÓSTUR og MÍLA og veita þeir verulegan stuðning til uppbyggingar kvennahandboltans.

Kunnum við þeim miklar og góðar þakkir fyrir og reynum að gera þeirra hag sem mestan þar sem við getum.

Það sem stendur uppúr á starfsárinu var þátttaka A-landsliðs kvenna á EM í Danmörku /

Noregi í desember 2010. Þrátt fyrir að tapa úti gegn Austurríki í lok maí komust við áfram á hagstæðari markatölu og inn á fyrsta stórmót okkar í sögunni.

Þar töpuðust reyndar allir leikir en íslenskar handknattleikskonur fengu innsýn í hvað þarf til að halda sér í fremstu röð og kemur það okkur til góða við uppbyggingu landsliða okkar í framtíðinni. Þetta er hægt!

Þar með lauk tímabili Júlíusar og Finnþoga sem þjálfara A- landsliðsins og færum við þeim bestu þakkir fyrir gott starf í þágu kvennaboltans.

Vegna EM mótsins stóð landsliðsnefnd fyrir útgáfu veglegs kynningarblaðs á kvennahandbolta í samstarfi við Fréttablaðið. Auglýsingasöfnun var á hendi nefndarmanna og einning aðstoðuðu Markaðsmenn. Tókst útgáfan vel. Einnig gaf Morgunblaðið út glæsilegt blað af þessu sama tilefni og jók þetta enn umfjöllun. Þá sýndi RUV frá öllum leikjum okkar á mótinu þannig að fjölmiðlar sjá sér hag í að fjalla um okkur þegar vel gengur svo það er bara að standa sig.

Dagana 25.-27. mars var haldinn undanriðill vegna EM-U17 og tóku þjálfarar og foreldrar virkan þátt í undirbúningnum ásamt landsliðsnefnd og skrifstofu sambandsins. Sérstaklega komu foreldrar sterkir inn og leyfum við okkur að fullyrða að búið sé að setja háan stuðul á svona mót hérna. ICELANDAIR kom myndarlega að stuðningi við mótið sem dró að 94 erlenda þátttakendur og fylgdarlið svona utan hefðbundins ferðamanna-tímabils á landinu. Þrjú lið voru jöfn að stigum en við sátum eftir á óhagstæðari markatölu og munaði 1 marki sem skorað var þegar 7 sek. voru eftir af leik Króatíu og Spánar. Annars hefðu stelpurnar komist á EM í sumar. Þetta er mjög góður hópur og væri gaman ef hægt væri að boða til sumaræfinga frá miðjum maí til júniloka til að byggja upp framtíðina.

U19 mun taka þátt í undankeppni í Serbíu dagana 22.-25. apríl og er undirbúningur kominn á fullt.

Í byrjun apríl völdu Ágúst og Einar 22 kvenna hóp vegna leikjanna við Úkraínu í byrjun júní um laust sæti á HM í Brasilíu í desember næstkomandi. Búið er að ákveða þátttöku í móti í Tyrklandi dagana 18.-22. apríl til undirbúnings.

Yfirlit yfir landsleiki kvenna 2010-2011

A-landslið Kvenna

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fös. 24.sep.2010	Rotterdam	Ísland - Holland	24-32	Æfingarmót
Lau. 25.sep.2010	Rotterdam	Ísland - Svartfjallaland	23-32	Æfingarmót
Sun. 26.sep.2010	Rotterdam	Ísland - Brasilía	17-24	Æfingarmót
Lau. 30.okt.2010	Mýrin	Ísland - Noregur	22-24	Vinátulandsleikir
Sun. 31.okt.2010	Mýrin	Ísland - Noregur	29-29	Vinátulandsleikir
Fös. 26.nóv.2010	Tromsö	Ísland - Noregur	14-35	4-landa mót
Lau. 27.nóv.2010	Bodö	Ísland - Danmörk	30-24	4-landa mót
Sun. 28.nóv.2010	Bodö	Ísland - Serbía	28-30	4-landa mót
Þri. 7.des.2010	Árósum	Ísland - Króatía	25-35	EM í Danmörku
Fim. 9.des.2010	Árósum	Ísland - Montenegro	23-26	EM í Danmörku
Lau. 11.des.2010	Árósum	Ísland - Rússland	30-21	EM í Danmörku
Sun. 5.jún.2011	Vodafone höllin	Ísland - Úkraína		Undankeppni HM
Sun. 12.jún.2011	Uzhgorod	Ísland - Úkraína		Undankeppni HM

Samtals 13 leikur

19 ára landslið stúlkna

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
-------	-------------	--------	--------	--------

Pri. 6.júl.2010	Gautaborg	Ísland - Króatía	14-18	Opna Evrópumótið
Pri. 6.júl.2010	Gautaborg	Ísland - Rússland	15-29	Opna Evrópumótið
Mið. 7.júl.2010	Gautaborg	Ísland - Austurríki	18-18	Opna Evrópumótið
Fim. 8.júl.2010	Gautaborg	Ísland - Finnland	23-30	Opna Evrópumótið
Fim. 8.júl.2010	Gautaborg	Ísland - Slóvakía	22-23	Opna Evrópumótið
Fös. 9.júl.2010	Gautaborg	Ísland - Portúgal	26-22	Opna Evrópumótið
Fös. 9.júl.2010	Gautaborg	Ísland - Tékkland	16-26	Opna Evrópumótið
Lau. 10.júl.2010	Gautaborg	Ísland - Montenegro	29-17	Opna Evrópumótið

Samtals 8 leikir

17 ára landslið stúlkna

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fös. 25.mar.2011	Víkin	Ísland - Króatía	23-22	Undankeppni EM
Lau. 26.mar.2011	Víkin	Ísland - Spánn	19-27	Undankeppni EM
Sun. 27.mar.2011	Víkin	Ísland - Sviss	29-26	Undankeppni EM

Samtals 3 leikir

Reykjavík, 7.4.2011

f.h landsliðsnefndar kvenna

Árni Þór Árnason form.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA HSÍ

Ein breyting varð á skipan landsliðsnefndar karla frá síðasta ári Einar Einarsson kom inn fyrir Skúla Gunnsteinsson.

Nefndarmenn eru,

Kristján Arason formaður

Jakob Sigurðsson

Páll Ólafsson

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Einar Einarsson

Helstu markmið nefndarinnar er.

- 1) Að hafa umgjörð karlalandsliðana sem besta.
- 2) Skipuleggja þátttöku í Evrópu og Heimsmeistaramótum ásamt útvegum vináttuleikja.
- 3) Samhæfa þjálfun landsliðana.
- 4) Ráða þjálfara fyrir landsliðin.
- 5) Koma að búningasamningum.

Landsliðsþjálfarar karlaliðanna:

A landslið: Guðmundur Guðmundsson og Óskar Bjarni Óskarsson

20 ára lið: Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson

18 ára lið: Heimir Ríkharðsson

16 ára lið: Verkefnastjóri Andri Sigfússon, Magnús Jónsson og Kristján Halldórsson

Íþróttalegur árangur hjá karlalandsliðunum er búin að vera mjög góður á síðasta starfsári 2010.

A - landslið karla fékk bronsverðlaun á EM í Austurríki í janúar 2010 og lenti í 6. sæti á HM karla í Svíþjóð og er komið í qualification riðil fyrir Ólympíuleikana í London.

U - 20 ára landsliðið drengja lenti í 8. sæti á Evrópumeistaramótinu í Slóvakíu.

A - landslið karla fékk bronsverðlaun á EM í Austurríki í janúar 2010 og lenti í 6. sæti á HM karla í Svíþjóð og er komið í qualification riðil fyrir Ólympíuleikana í London.

U - 18 ára landslið Píltu lenti í 12 sæti á Evrópumeistaramótinu í Serbíu 2010.

U - 16 ára landslið drengja lék 3 vináttulandsleiki í Noregi

A-landslið Karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Þri. 8.jún.2010	Laugardalshöll	Ísland - Danmörk	33-33	Vináttulandsleikir
Mið. 9.jún.2010	Laugardalshöll	Ísland - Danmörk	28-29	Vináttulandsleikir

Mið. 16.jún.2010	Balneario Cambo	Ísland - Brasilía	33-30	Vináttulandsleikir
Fös. 18.jún.2010	Balneario Cambo	Ísland - Brasilía	27-28	Vináttulandsleikir
Mið. 27.okt.2010	Laugardalshöll	Ísland - Lettland	28-26	Undankeppni EM
Lau. 30.okt.2010	Wiener Neustadt	Ísland - Austurríki	23-28	Undankeppni EM
Pri. 7.des.2010	Halmstad	Ísland - Svíþjóð	26-31	Vináttulandsleikir
Mið. 8.des.2010	Malmö	Ísland - Noregur	35-29	Vináttulandsleikir
Fös. 7.jan.2011	Laugardalshöll	Ísland - Þýskaland	27-23	Vináttulandsleikir
Lau. 8.jan.2011	Laugardalshöll	Ísland - Þýskaland	31-27	Vináttulandsleikir
Fös. 14.jan.2011	Norrköping	Ísland - Ungverjaland	32-26	HM í Svíþjóð
Lau. 15.jan.2011	Norrköping	Ísland - Brasilía	26-34	HM í Svíþjóð
Mán. 17.jan.2011	Linköping	Ísland - Japan	36-22	HM í Svíþjóð
Pri. 18.jan.2011	Linköping	Ísland - Austurríki	26-23	HM í Svíþjóð
Fim. 20.jan.2011	Linköping	Ísland - Noregur	29-22	HM í Svíþjóð
Lau. 22.jan.2011	Jönköping	Ísland - Þýskaland	24-27	HM í Svíþjóð
Mán. 24.jan.2011	Jönköping	Ísland - Spánn	24-32	HM í Svíþjóð
Pri. 25.jan.2011	Jönköping	Ísland - Frakkland	28-34	HM í Svíþjóð
Fös. 28.jan.2011	Malmö	Ísland - Króatía	33-34	HM í Svíþjóð
Mið. 9.mar.2011	Laugardalshöll	Ísland - Þýskaland	36-31	Undankeppni EM
Sun. 13.mar.2011	Halle	Ísland - Þýskaland	28-39	Undankeppni EM

Samtals 21

U-21 árs landslið karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fim. 29.júl.2010	Bratislava	Ísland - Slóvakía	32-26	EM í Slóvakíu

Lau. 31.júl.2010	Bratislava	Ísland - Ísrael	40-31	EM í Slóvakíu
Sun. 1.ágú.2010	Bratislava	Ísland - Portúgal	35-36	EM í Slóvakíu
Þri. 3.ágú.2010	Bratislava	Ísland - Frakkland	42-30	EM í Slóvakíu
Mið. 4.ágú.2010	Bratislava	Ísland - Danmörk	32-33	EM í Slóvakíu
Fös. 6.ágú.2010	Bratislava	Ísland - Svíþjóð	27-32	EM í Slóvakíu
Lau. 7.ágú.2010	Bratislava	Ísland - Spánn	32-34	EM í Slóvakíu
Lau. 18.des.2010	Strandgata	Ísland - Noregur	29-27	Vináttulandsleikir
Sun. 19.des.2010	Strandgata	Ísland - Noregur	25-25	Vináttulandsleikir
Mán. 20.des.2010	Selfoss	Ísland - Noregur	32-35	Vináttulandsleikir
Fös. 7.jan.2011	Vrsac	Ísland - Makedónía	37-24	Undankeppni HM
Lau. 8.jan.2011	Vrsac	Ísland - Eistland	31-29	Undankeppni HM
Sun. 9.jan.2011	Vrsac	Ísland - Serbía	24-28	Undankeppni HM
Samtals 13 leikir				

U-19 ára landslið karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fim. 12.ágú.2010	Niksic	Ísland - Slóvenía	31-34	EM í Svartfjallalandi
Fös. 13.ágú.2010	Niksic	Ísland - Sviss	24-33	EM í Svartfjallalandi
Sun. 15.ágú.2010	Niksic	Ísland - Tékkland	41-37	EM í Svartfjallalandi
Þri. 17.ágú.2010	Niksic	Ísland - Portúgal	31-28	EM í Svartfjallalandi
Mið. 18.ágú.2010	Niksic	Ísland - Montenegro	23-26	EM í Svartfjallalandi
Fös. 20.ágú.2010	Niksic	Ísland - Pólland	32-36	EM í Svartfjallalandi
Lau. 21.ágú.2010	Niksic	Ísland - Tékkland	30-32	EM í Svartfjallalandi
Mán. 27.des.2010	Merzig - Hillbr	Ísland - Þýskaland	21-28	Victors Cup
Þri. 28.des.2010	Merzig - Hillbr	Ísland - Pólland	22-29	Victors Cup

Þri. 28.des.2010	Merzig - Hillbr	Ísland - Finnland	31-26	Victors Cup
Mið. 29.des.2010	Merzig - Hillbr	Ísland - Saar	44-29	Victors Cup
Mið. 29.des.2010	Merzig - Hillbr	Ísland - Sviss	37-31	Victors Cup
Samtals 12 leikir				

U-17 ára landslið karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fim. 28.okt.2010	Larvik	Ísland - Noregur	21-28	
Fös. 29.okt.2010	Larvik	Ísland - Noregur	29-30	
Lau. 30.okt.2010	Larvik	Ísland - Noregur	23-17	
Samtals 3 leikir				

A-landsliðið er að berjast um sæti á EM í Serbíu 2012

U- 21. árs liðið komst ekki inn á HM 21 árs liða en tveir leikmenn liðsins Aron Pálmarsson og Oddur Grétarsson spiluðu ekki með liðinu því þeir voru valdir í A-landslið karla en forkeppnin fór fram á sama tíma og undirbúningur A-landsliðsins hófst.

U- 19 ára landsliðið tekur þátt í Opna Evrópumótinu sem fram fer í Partille.

Í vinnslu er stefnumótun á afreksstefnu landsliða á vegum HSÍ. Markmiðið er að samræma vinnuaðferðir, markmið og stefnu allra landsliða með það leiðarljósi að vera með landslið í efsta gæðaflokki til framtíðar. Sú vinna er á lokastigum

Landsliðsnefnd karla vill þakka stjórn, starfsmönnum, og landsliðsþjálfurum HSÍ ásamt landsliðsmönnum samstarfið á keppnistímabilinu.

Kristján Arason

Formaður Landsliðsnefndar

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2010-2011

Vigfús Þorsteinsson, formaður.

Ásta Björk Sveinsdóttir

Guðjón Árnason

Pétur Vilberg Guðnason

Viktor Ragnarsson

Starfsmaður mótanefndar var Róbert Gíslason og eru honum þökkun góð störf.

Starfsemi mótanefndar fór að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum, og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Einnig hélt mótanefnd nokkra fundi.

Mótanefnd hefur umsjón með mótahaldi og sá um uppröðun móta og umfjöllun um álitamál og breytingar.

Mótanefnd útbjó og gaf út handbók leikja fyrir Íslandsmót. Þá yfirfór mótanefnd reglugerð um handknattleiksmót og kom með breytingatillögum fyrir stjórn HSÍ.

Meistaraflokkar

Umferðartal var kynnt 2.júní 2010

Drög að leikjaplani voru send félögum til umfjöllunar 13.ágúst 2010 og voru óskir félaga umbreytingar afgreiddar að mestu fyrir 7.september 2010.


Íslandsmót í mfl. karla og kvenna voru gefin út 16.september en þar sem eitt lið dró sig úr keppni 9.september í N1 deild kvenna frestaðist útgáfa mótanna.

Íslandsmót meistaraflokka

Meistaraflokkur karla var leikinn í 2 deildum, 8 liða N1 deild og 8 liða 1. deild. skv. lögum HSÍ og er það í samræmi við upphaflega skráningu félaga um vorið 2010. Í 1. deildinni voru tvö liðanna svokölluð ungmennalið félaga sem áttu lið í efstu deild. Liðin léku 3-falda umferð í deildarkeppni, auk 4 liða úrslitakeppni.



12 lið skráðu sig til leiks í meistaraflokki kvenna vorið 2010, en 30.ágúst dró Akureyri sig úr keppni, og 9.september dró Víkingur sig úr keppni. Niðurstaðan var því 10 liða deild sem lék tvöfalda umferð í deildarkeppni og 4 liða úrslitakeppni.

Á meðfylgjandi grafi sést þróun í áhorfendafjölda síðustu 3 tímabil á deildir og úrslit í meistaraflokkum karla og kvenna



ATH ekki eru komnar inn tölur í umspil og úrslit N1 deildar karla fyrir lokaviðureignir 2011

Hérna eru síðan áhorfendatölur í deildarkeppni fyrir einstök félög á sama tímabili



ATH hérna eru ekki leikir í umspili og úrslitakeppni N1

Í deildarkeppni voru í meginatriðum fastir leikdagar.


N1 deild karla : Fimmtudagar

N1 deild kvenna: Laugardagar

1.deild karla : Föstudagar.

Frávik frá þessum leikdögum sem ekki lágu fyrir í upphafi þegar leiknir voru 2 leikir á viku voru þá einkum vegna tilfærslu á leikjum fyrir sjónvarpsútsendingar, vegna landsleikja, vegna evrópukeppni og vegna ferðalaga.

Hérna er hægt að sjá áhorfendatölur skipt eftir dögum



ATH, aðeins dagar þar sem leikjafjöldi er 5 eða fleiri

Deildarbikar

Milli jóla og nýárs var leikin deildarbikarkeppni milli 4 efstu liða í deildinni. Síðustu 2 ár hafa verið með sama fyrirkomulagi þar sem allir leikir karla og kvenna fara fram á sama degi og stað. Það hefur gefist mjög vel, vel mætt og góð stemming myndast.

Bikarkeppni

Í meistaraflokki karla tóku þátt 30 lið í bikarkeppni HSÍ og í mfl. kvenna tóku þátt 11 lið. Bikarkeppnin bar nafnið Eimskipsbikarinn.

Yngri flokkar


Helstu breytingar á mótamálum voru á úrslitafyrirkomulagi yngri flokka. Þannig að nú í vor verða úrslitaleikir í yngri flokkum 4-3 flokk allir leiknir saman á 1 degi 2. flokkur spilast viku síðar v/leikmanna í úrslitum íslandsmóts í mfl.. Þetta er líkt og hefur verið gert í bikar undanfarin ár og gefist vel. Þetta var gert í framhaldi af yngriflokka fundi í vor, þar sem nefnd þriggja manna (Einar Jónsson Fram, Gústaf Björnsson Stjarnan og Jóhannes Lange Valur) fékk það hlutverk að koma með hugmyndir að því hvernig væri hægt að bæta úrslit yngri flokka. Það verður spennandi að sjá hvernig til tekst.

Leikjaniðurröðun yngri flokka.

Það er vandamál í mótafyrirkomulagi yngri flokka að forkeppnir fara fram í september og við erum því að raða niður mótinu í lok sept og byrjun okt eða þegar tímabilið hjá okkur er byrjað. Þrátt fyrir að búið sé að minnka þessar forkeppnir töluvert þá væri það engu að síður mun betri kostur ef hægt væri að raða niður mótinu þannig það væri klárt á sama tíma og meistaraflokkar.

Breytingar


Það verður seint hægt að halda mót án þess að þurfa að breyta leikjum. Hérna er graf sem sýnir breytingar sem hlutfall af heildarfjölda. Það sem má lesa úr þessu er að það er augljóslega að hafa áhrif á mótaniðurröðun yngri flokka að þar er verið að raða mótinu að hausti.



Framkvæmd leikja

Miðað við þær skýrslur sem mótanefnd berst, verður ekki betur séð en að framkvæmd leikja sé í megin atriðum í lagi. Í yngri flokkum bárust 33 umsagnir og er það reyndar alltof lítið, en það merkilega er að meiriparturinn eru ekki kvörtunarskýrslur og því má ætla að við séum að standa okkur ágætlega þarna.

Það hefur borið á því að í 3. og 4. flokki sé kvartað undan heimadómgæslu en það verður amk ekki séð af einfaldri tölfræði að það sé eitthvað stórkostlegt vandamál




Samkvæmt þeim umsögnum sem bárust v/móta í 5. – 8. Flokki virðast þau mót hafa að langmestu farið mjög vel fram.


Liðafjöldi

Liðafjöldi í 5. – 8. flokki. frá árinu 2004. Eins og sést, þá er liðum ennþá að fjölga í 5. og 6. fl. en við virðumst þurfa aðeins að bæta við okkur í 7. og 8. til að viðhalda áframhaldandi liðafjölgun.

Liðafjöldi karla



Liðafjöldi kvenna





ATH Búið er að taka tillit til breytinga á leikmannafjölda í liðum í 6. og 7. fl. síðustu ár



Breyting á fj. liða er munur á liðafjölda í 4.fl. og 3.fl. 2 árum síðar.

T.d. voru 43 lið í 5.fl. 2004 en aðeins 27 lið í 4.fl. 2006 og fækkunin því um 16 lið.

Þá virðist einnig þeim félögum sem senda lið keppni vera að fjölga,



Það sem stendur í stað virðist vera liðafjöldi í meistaraflokki karla og kvenna.



Lokaorð.

Það er álit mótanefndar að liðið ár hafi gengið ágætlega, hvað mótahald snertir. Það er greinileg fjölgun félaga sem taka þátt í mótum 4-2 flokks karla, sem gætu á komandi árum skilað inn fjölgun meistaraflokka.

Það var hins vegar sárt að sjá í meistaraflokki kvenna boðaða 12 liða deild rýrna í 10 liða deild síðastliðið haust og það eru ekki merki um fjölgun félaga í 4-3 flokki kvenna. Það er greinilegur munur á því hvað brottfall er meira kvenna megin en karla megin. Mótanefnd bindur þó vonir við að fjölgun félaga í 5. flokki skili sér á næstu árum áfram upp.

Mótanefnd vill að lokum benda á að vinnuaðstæður starfsmanns mótanefndar nánast ómanneskjulegar. Þar sem á meðalvetradagur hjá honum eru um 60 email sem tengjast mótahaldi og ótal mörg símtöl þar ofan á nánast á öllum tímum sólarhringsins alla dag vikunnar.

Mótanefnd 2010-2011, telur það eitt brýnasta verkefni Mótanefndar 2011-2012, að breyta verklagi í samskiptum aðildafélaga og mótanefndar þannig að starfsumhverfi bæði aðildafélaga og mótanefndar verði í fastari og skýrari skorðum.

Með handboltakveðju

Mótanefnd HSÍ.

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR HSÍ

Formaður dómaranefndar og Brynjar Einarsson sóttu dómaranefndafund EHF í Vín í lok júní 2010 þar sem nýjar leikreglur voru kynntar og námskeiðsefni afhent. Nýjar leikreglur tóku gildi 1. júlí 2010 og fór mikill tími í þýða þær og undirbúa námsefni fyrir veturinn og haldnir voru margir fyrirlestrar með þjálfurum, landsliðum, tímavörðum/riturum og dómurum til að kynna þær.

Haustfundur var haldinn í ágúst þar sem mættu þrjátíu og tveir C-stigs dómarar. Þeir gengust undir bæði bókleg og líkamleg próf með góðum árangri. Á fundinum var farið yfir nýjar leikreglur og áherslur vetrarins. Í tengslum við haustfundinn var haldið C-stigs dómara námskeið þar sem 4 mættu. Annar fundur var síðan haldinn í samstarfi við HDSÍ í nóvember til að skerpa á áherslum. Þriðji fundur vetrarins með C-stigs dómurum var síðan haldinn í janúar þar sem allir gengust undir bæði bóklegt og líkamlegt próf.

Þjálfarar eða forráðamenn félaga skutu nokkrum málum til dómaranefndar á tímabilinu með umsögn um leiki og frammistöðu dómara þar sem dómaranefnd eða formaður leystu úr málum í tilefni við umkvartanir þeirra.

Í vetur var í fyrsta skipti beitt viðurlögum þegar félög útveguðu ekki réttindadómara á leiki í 3. flokki og ef þau gátu ekki tilkynnt C-stigs dómara með þátttökutilkynningum í meistaraflokki.

A-stigs námskeið voru haldinn á mánudögum eftir beiðni félaganna og voru mættu um 260 einstaklingar sem hafa A-stigs réttindi eða leyfi til að dæma leiki í 5. flokki og yngri. Kynjahlutfall var um 26% stúlkur og 74% drengir.

Eitt B-stigs námskeið var haldið í febrúar í samvinnu við Hauka þar sem 30 einstaklingar þreyttu próf. B-stigs námskeið var síðan haldið á Akureyri í mars þar sem mættu 13 einstaklingar.

Brynjar Einarsson, Margrét Theodórsdóttir og Arna Garðarsdóttir hafa borið hitann og þungan af fræðslunámskeiðum dómaranefndar. Án þeirra hefði ekki verið hægt að halda úti svo öflugri fræðslu og er þeim sérstaklega þakkað fyrir frábært framlag.

Ólafur Örn Haraldsson hefur að mestu séð um niðurröðun dómara fyrir hönd dómaranefndar og Guðjón L. Sigurðsson um innlend og erlend samskipti.

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur þar sem þeim hefur verið úthlutað fjölda mjög góðra verkefna.

Kristján Halldórsson vor á eftirlitsmannanámskeið í Ungverjalandi í september 2010 og stóðst þar próf með mikilli þrýði og hefur fengið fjölda verkefna á vegum EHF í vetur.

Ingvari og Jónasi hlotnaðist sá heiður að dæma á Olympíumóti æskunnar sem haldið var í Singþore í júlí 2010 þar sem þeir dæmdu úrslitaleik kvenna.

Nokkrir nýjir C-stígs dómarar fengu tækifæri í N1 deild karla og kvenna á tímabilinu og stóðu þeir sig með mikilli þrýði. Eitt kvennapar er fékk tækifæri til að dæma leiki í N1 deild kvenna og vonast dómaranefnd til þess að það hleypi lífi í fleiri kvendómara.

Dómaranefnd hélt 3 fundi með nýju fyrirkomulagi þar sem starfsmaður HSÍ, Róbert Gíslason, sat fundi og skráði þá. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel og kemur meiri reglu á starfið. Nefndarmenn hittust einnig á óformlegum fundum til að fara yfir málin og voru duglegir að mæta á leiki til að fylgjast með.

Kristján Halldórsson hefur verið dómaranefnd innan handar við að fylgjast með líkamlegu atgervi dómara, Kjartan K. Steinbach hefur veitt ómetanlega aðstoð við þýðingu leikreglna og ýmsa statistik og Róbert Gíslason hefur séð um boðun dómara og utanumhald við rekstur dómaramála. Dómaranefnd færir þeim félögum þakkir fyrir frábært framlag.

Dómaranefnd HSÍ 2010-2011.

Guðjón L. Sigurðsson, formaður

Arna Garðarsdóttir

Brynjar Einarsson

Margrét Theodórsdóttir

Ólafur Örn Haraldsson

EHF/IHF dómarar.

Anton Gylfi Pálsson - Hlynur Leifsson

Ingvar Guðjónsson – Jónas Elíasson

EHF dómarar.

Arnar Sigurjónsson - Svavar Pétursson

Eftirlitsmenn EHF

Gunnar K. Gunnarsson

Guðjón L. Sigurðsson

Helga H. Magnúsdóttir

Kjartan K. Steinbach

Kristján Halldórsson

Ólafur Örn Haraldsson

Eftirlitsmenn HSÍ

Margrét Theodórsdóttir

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ

Nefndin er þannig skipuð:

Gunnar Örn Erlingsson, formaður

Hrafnhildur Skúladóttir

Hilmar Hjaltason

Kristinn Guðmundsson

Óskar Bjarni Óskarsson

Nefndin var meira eða minna skipuð nýju fólki, þó höfðu 2 einstaklingar starfað með nefndinni áður. Meðal fyrstu verkefna var að reyna koma böndum yfir það sem gert hafi verið í nefndinni undanfarin ár og finna farveg þessarar nefndar. Nefndarmenn komu úr ólíkum áttum og höfðu mismunandi hugmyndir

um störf nefndarinnar. Allir voru þó sammála um tvennt þ.e. að koma fræðslumálunum í betri ramma og að þátttaka á landsbyggðinni ætti vera miklu betri.

RINCK Convention eða RINCK samningurinn er samræmt evrópskt þjálfaranám sem komið hefur verið á í 22 löndum í evrópu. Staðið hefur til að innleiða samninginn hér á landi í nokkur ár en því miður hefur það ekki gengið eftir. Nefndin fékk til sín aðila til þess að þýða samninginn og í lok vetrar kom loks útgáfa sem menn geta sætt sig við að nota. Það er fullur áhugi nefndarinnar og HSÍ að innleiða samninginn og tryggja þannig staðlaða evrópska þjálfaramenntun. Það er ljóst að þetta verður ekki gert nema með samvinnu við háskóla hér á landi. Viðræður hafa meðal annars átt sér stað við forsvarsfólk heilsusviðs HR um samstarf milli Fræðslunefndar og HR. Líklegt verður þó að teljast að þjálfaramenntun á efsta stigi þurfi að sækja út fyrir landssteinana. Við erum undir handleiðslu DHF (danska handknattleikssambandsins). Engin námskeið hafa verið haldin á starfstímanum annað en fulltrúi HSÍ var með um klst. Kynningu á minibolta á kennaranámskeiði á Laugarvatni nú í vor. Opin æfing var á vegum fræðslunefndarinnar og Ólafs Stefánssonar. Vonandi næst að halda 2 námskeið í vor, í styrktarþjálfun og almennt þjálfaranámskeið. Mikil áform eru um að koma námskeiðshaldi á réttan kjöl fyrir næsta haust og þannig að námskeiðsáætlun liggja fyrir í haust. Upplýsingabæklingur um götubolta var gerður og verður hann í umferð í sumar, tengdur sölu á götuboltum á vegum N1. Mikill metnaður er um að koma meira af fræðsluefni á heimasíðu og að nýta hana betur til miðlunar á allskyns þjálfaratengdu efni. Hafnar eru viðræður við Seglagerðina Ægi um segl, sem hengd eru í markið. Þau eru með götum á til að æfa hittni. Áætlað er að þau verði til í haust og verða merkt styrktaraðlia.

Betur má ef duga skal.

Nefndin fór sjálf eða sendi aðila á hennar vegum vítt um land. Markmið ferðanna var m.a að kynna möguleika „svampabolta“ eða minibolta og götubolta (street ball) í minni sveitarfélögum. Farið var m.a í flest öll byggðarlög á norðanverðum Vestfjörðum (Ísafjarðar, Suðureyrar, Flateyrar og Þingeyrar) einnig til Vopnafjarðar, Egilsstaða og á Reyðarfjörð. Einnig var farið á Húsavík. Haldið var míniboltamót á Ísafirði og gekk það vel þó svo að mætingin hefði mátt vera betri. Áform eru um að heimsækja Akranes, Suðurlandið (Stokkseyri, Eyrarbakka, Hvolsvöll, Hellu og Vík í Mýrdal) og svæðið sem opnast hefur í kjölfar Héðinsfjarðarganga. Einnig er áætlað að nefndin hjálpi Herði Ísafirði við framkvæmd á handboltaskóla Harðar um miðjan maí, þar sem stefnt er að því að smala saman iðkendum úr byggðarlögnum í kring, ásamt Ísfirðingum.

Hugmyndir hafa sprottið hjá fræðslunefnd HSÍ um samstarf „stærri félaga sambandsins“ við þau minni. Eins konar „fóstrun“ og stefnir í „generalprufu“ á slíku samstarfi milli HK Kópavogi og Harðar Ísafirði. Um þá vinnu sér Kristinn. Áframhaldandi vinna með „fósturfélög“ í huganum, mun taka mið af þeirri vinnu sem á sér stað þar.

Þegar farið var á stúfana eftir fjármagni til að fjármagna störf nefndarinnar stendur eitt upp úr. Fyrirtæki sem almennt vilja tengjast verkefninu töluðu um að halda þyrfti uppi forvarnargildi íþróttanna og því

væri engan veginn haldið nægjanlega á lofti af íþróttahreyfingunni. Við þurfum að tengjast sérfræðingum landsins sem vinna að þessum málum og fá þá í lið með HSÍ. Fræða þarf íþróttafélög um uppeldishlutverk þeirra og forvarnargildi. Hreyfingin í heild sinni þarf að vera miklu betur meðvituð um þetta hlutverk. Virkja þarf þessar frábæru fyrirmyndir sem við eigum bæði í karla- og kvennahandbolta sem við eigum víðsvegar um evrópu og hér heima.

Stefnumótunarvinna sem er í gangi núna í samvinnu við Capacent, bind ég miklar vonir við það. Það er ljóst að sambandið er undirmannað og meiri fagmennsku þarf til, þannig að ummrædd mál komist í góðan farvel. Sameiningaríþrótt Íslendinga er handbolti og það eigum við að nýta okkur. Það eru allt of fáir sem spila handbolta á Íslandi miðað við þá velgegni sem við njótum í heimi handboltaíþróttarinnar.

Fyrir hönd fræðslu og útbreiðslunefndar,

Gunnar Örn Erlingsson

SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson, formaður

Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur

Rögnvald Erlingsson

Til vara:

Þorsteinn Einarsson

Á starfsárinu fram til 19. apríl hélt aganefnd 20 bókaða fundi og tók fyrir 33 mál sem henni voru send. Öll mál voru afgreidd. Hér er um mikla fækkun mála frá fyrri árum sem því miður stafar ekki einungis af betri hegðun leikmanna heldur fyrst og fremst á breyttri „Reglugerð HSÍ um agamál“ en þær breytingar komu í kjölfar breytinga á leikreglum frá IHF. Felast breytingar á leikreglum í því að búið er að fella út brottvikningu (krossinn) sem refsingu. Í staðin hefur útilokun verið skipt í tvennt, rautt spjald og fyrir alvarlegri brot „rautt spjald með skýrslu“. Fyrir rautt spjald er ekki beitt leikbanni fyrr en við 3ju ítrekun á sama tímabili og koma þau mál því ekki til kasta aganefndar. Aganefnd fjallar því fyrst og fremst um „rautt spjald með skýrslu“ en einnig um rautt spjald við 3ju ítrekun eða fleiri, sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Gunnar K. Gunnarsson

Formaður.

10. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Ásta Óskarsdóttir gjaldkeri sambandsins tók til máls. Hún gerði grein fyrir ársreikningum, staðfestum af formanni, varaformanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra einnig eru þeir yfirfarnir af skoðunarmönnum. Reikningarnir voru yfirfarnir lið fyrir lið. Hagnaður sambandsins var 2.056.081.

Rekstrarreikningur 1. janúar 2010 - 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og strykir	1	49.998.449	29.178.579
Aðrir stryrktaraðilar	2	83.934.459	75.707.592
Tekjur af landsleikum	3	25.075.521	13.789.705
Tekjur af mótum	4	6.305.161	8.135.090
Íslandsmót	5	7.922.900	3.936.433
Rekstrartekjur alls		173.236.490	130.747.399
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	46.685.428	41.904.647
Þátttaka í mótum	7	69.705.960	66.212.952
Kostnaður v. Mótahalds	8	29.849.177	26.754.579
Rekstur mannvirkja og gólf	9	3.749.900	4.041.563
Rekstur skrifstofu	10	6.103.305	5.774.558
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	2.875.066	3.068.757
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	12	2.327.651	1.088.943
Annar kostnaður	13	2.492.483	2.042.011
Afskr. tapaðar kröfur og niðurf. Krafna		5.264.170	2.000.000
Rekstrargjöld samtals		169.053.140	152.888.010
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		4.183.350	-22.140.611

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Vaxtatekjur	664.074	1.542.827
Vaxtagjöld	-921.363	-1.202.156
Dráttarvextir	-1.869.980	-1.698.052
	<u>-2.127.269</u>	<u>-1.357.381</u>

Hagnaður (tap) tímabilsins

<u>2.056.081</u>	<u>-23.497.992</u>
------------------	--------------------

Efnahagsreikningur 31.12.2010

	Skýr.	2010	2009
EIGNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	14	476.845	953.688
Skammtímakröfur	15	34.321.127	40.178.156
Handbært fé	16	3.455.221	5.161.144
EIGNIR SAMTALS		<u>38.253.193</u>	<u>46.292.988</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ**EIGIÐ FÉ**

Óráðstafað eigið fé	19.826.842	43.324.834
Tekjuafgangur ársins	2.056.081	-23.497.992
Eigið fé alls	<u>21.882.923</u>	<u>19.826.842</u>

Langtimaskuldir

Skammtímaskuldir

Ógreidd laun og launatengd gjöld	2.881.715	2.693.743
Ógreidd Icelandair - Kreditkort	4.974.107	3.707.935
Viðskiptaskuldir	7.120.077	13.139.878
Yfirdráttur í banka	1.394.371	6.924.590
Skammtímaskuldir alls	<u>16.370.270</u>	<u>26.466.146</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS

	<u>38.253.193</u>	<u>46.292.988</u>
--	-------------------	-------------------

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Þingforseti óskaði eftir umræðum um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Hannes Karlsson, Akureyri vildi byrja á að taka fyrir reikninga sambandsins og rekstrartekjur eru að aukast. Skammtímaskuldir lækka og viðskiptaskuldir lækka einnig og er því rekstrarárangur ársins góður. Það má líka nefna það að þá er efnahagsreikningurinn einnig góður en svo er ekki alltaf og má þar nefna N1 sem hefur verið yfirtekinn af kröfuhöfum. Mér líst mjög vel á þá stefnumótun sem kynnt var hér áðan af formanni og stefnumótun sem ætti í sjálfu sér að gilda fyrir félögin líka þó svo að hún væri kannski ekki af sömu stærðargráðu. En það er hinsvegar eitt mál sem ég vil nefna hér, koma inn á og spyrja stjórn hvernig hún hyggst taka á það er þegar fordæmi hefur skapast með það að ágreiningi dómara sé vísað til formanns dómara nefndar sem hann fer svo annarsvegar með í fjölmíðla til að ræða þarna er komið fordæmi og þetta er ekki eina tilfellið, það er fullt af svona tilfellum sem koma upp. Þessu þurfa menn að svara hvernig þeir ætla að taka á því svona vinnubrögð eru galin. Það var komið inn á mótanefndina áðan, ég tek undir það að starf mótanefndar hefur gengið vel og í langflestum tilfellum ánægjulegt að eiga við starfsmann nefndarinnar. Ég vil hinsvegar beina því til stjórnar og mótanefndar hvernig á að fara með málefni annarsflokks karla sérstaklega þar sem nánast undantekningarlaust að sú uppstilling eða leikjaniðurröðun sem að liggur fyrir áður en mót hefst stenst aldrei og hefur ekki staðist í mörg ár. Þessu þarf að breyta og það verður hreinlega að banna liðum að fresta leikjum og láta töfluna standast. Frestun leika byggir fyrst og fremst á því að í einhverjum tilfellum eru leikmenn annars flokks jafnframt leikmenn meistaraflokks og í einhverjum tilfellum getur það stangast á en yfirleitt er til nóg af strákum til þess standa í þessu og ástæðulaust að vera að fresta leikjum fram og til baka. Nú er það þannig að úrstlitakeppni í örðum flokki fer fram eftir að Íslandsmóti lýkur hjá meistaraflokki. Þetta er náttúrulega vinnubrögð sem þarf að breyta en að örðu leyti tek ég undir það að mótanefnd hefur staðið alla jafna vel og ánægjulegt að eiga samstarf við hana. Meira ætla ég ekki að hafa það í bili en beini þessum spurningum hér til stjórnar og ekki síst í ljósi þeirrar stefnumótunar sem var kynnt hér áðan.

Knútur svarar:

Þakkar fyrir góð orð. En það er svo að það kemur alltaf upp ágreiningur. Hefur okkur tekist og við höfum unnið mjög ötullega að því að reyna að leysa þann ágreining sem kemur upp innan okkar vébanda. Það hefur þó ýmislegt komið uppá í vetur og hluti af þeirri vinnu sem við erum að gera núna varðandi stefnumótun er að taka líka upp siðareglur. Við munum þar styðjast svolítið við siðareglur ÍSÍ en þau drög voru nú að koma fram núna en hafa ekki enn verið samþykkt af stjórn ÍSÍ, en við ætlum að nota hana sem grunn í okkar vinnu. Hún tekur á mörgum ágreiningsefnum sem við höfum verið að ræða um í þessu sambandi. Varðandi þennan dómara ágreining sem þú ert að tala um þá er alltaf óheppilegt þegar svona kemur upp í miðri úrslitakeppni og við munum ræða það og reyna að læra af því og vonandi verður því komið fyrir þannig að svona eigi ekki að koma fyrir aftur en þetta er það nýskeð að við höfum í sjálfu sér ekki þe. stjórnin hefur ekki tekið neina afstöðu til þess. En við verðum hins vegar að lifa við það að einhverjir ágreiningar koma upp. Varðandi annan flokk sem þú varst að tala um hef ég ekki svör akkúrat nú en þetta er góð ábending sem að við munum ræða innan okkar raða og við mótanefnd. Formaður mótanefndar gat ekki verið með okkur hér í dag, hann er á handboltamóti í Vestmannaeyjum. En því verður komið áfram.

Þingforseti lagði fram **reikninga sambandsins** til samþykktar og voru þeir **samþykkir með öllum greiddum atkvæðum**.

12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsárs

Gjaldkeri sambandsins Ásta Óskarsdóttir fylgir fjárhagsáætlun sambandslins úr hlaði og tekur einungis tekjur og gjöld þar sem rekstraráætlun verður vísað til nefndar til yfirferðar og umsagnar.

Rekstraráætlun vegna 2011			
	Skýr.	2011 Áætlun	2010 Rauntölur
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og strykir	1	39.781.303	49.998.449
Aðrir stryktaraðilar	2	81.500.000	83.934.459
Tekjur af landsleikum	3	18.500.000	25.075.521
Tekjur af mótum	4	6.200.000	6.305.161
Íslandsmót	5	7.033.000	7.922.900
Rekstrartekjur alls		153.014.303	173.236.490
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	43.912.500	46.685.428

Þátttaka í mótum	7	61.963.400	69.705.960
Kostnaður v. Mótahalds	8	30.850.000	29.849.177
Rekstur mannvirkja og gólf	9	3.450.000	3.749.900
Rekstur skrifstofu	10	5.000.000	6.103.305
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	1.650.000	2.875.066
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	12	1.400.000	2.327.651
Annar kostnaður	13	2.080.000	2.492.483
Niðurfærsla viðskiptakrafna		0	5.264.170
Rekstrargjöld samtals		150.305.900	169.053.140

Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	2.708.403	4.183.350
---------------------------------	------------------	------------------

**FJÁRMUNATEKJUR OG
FJÁRMAGNSGJÖLD**

Vaxtatekjur	0	600.000	664.074
Vaxtagjöld	0	-800.000	-921.363
Dráttarvextir	0	-1.500.000	-1.869.980
		-1.700.000	-2.127.269

Hagnaður (tap) tímabilsins	1.008.403	2.056.081
-----------------------------------	------------------	------------------

Þingforseti leggur fjárhagáætlun fram til umfjöllunar og er henni vísað til fjárhagsnefndar.

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu



**54. Ársþing HSÍ haldið í Vodafone Höllinni
30. apríl 2011
Þingskjal nr: 4**

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - f. 19 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færast upp í úrvalsdeild.

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og 2 efstu liðin í 1. deild taka sæti þeirra. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar skal leika við lið númer 3, 4 og 5 í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 10 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 11 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 8 lið í efri deild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 10 lið eða fleiri í efri deild.

Liðið í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar.

-Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild. Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- d) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- e) 10-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- f) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - f. 19 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færir upp í úrvalsdeild.

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og 2 efstu liðin í 1. deild taka sæti þeirra. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar skal leika við lið númer 3, 4 og 5 í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 8 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 9 lið og 10 lið

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Lið 1 og 2 sitja hjá

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum

Lið 1 mætir sigurvegara viðureignar 4/5

Lið 2 mætir sigurvegara viðureignar 3/6

Þau lið sem vinnur 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitill.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 11 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 8 lið í efri deild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 10 lið eða fleiri í efri deild.

Liðið í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar.

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild.

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða sé það mikill að leika skal í tveimur deildum skulu 8 efstu lið úrvalsdeildarinnar leika í úrvalsdeild næsta ár en önnur leika í 1.deild.

Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Greinargerð:

Á formannafundi HSÍ þann 5. apríl var lagt til að setja inn úrslitakeppni 6 liða miðað við að fjöldi í deild væri 9-10.



54. Ársþing HSÍ haldið í Vodafone Höllinni
30. apríl 2011
Þingskjal nr: 5

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

Var

51.gr. Handknattleiksmót

...

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og 2 efstu liðin í 1. deild taka sæti þeirra. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar skal leika við lið númer 3, 4 og 5 í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 10 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 11 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 8 lið í efri deild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 10 lið eða fleiri í efri deild.

Liðið í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar.

-Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild. Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

...

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og 2 efstu liðin í 1. deild taka sæti þeirra. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar skal leika við lið númer 3, 4 og 5 í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 10 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna **3** leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 11 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna **3** leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

...

Greinargerð:

Tillaga um að setja inn að í undanúrslitum Íslandsmóts þarf að vinna 3 leiki í stað 2 til þess að komast áfram í úrslit.



54. Ársþing HSÍ haldið í Vodafone Höllinni 30. apríl 2011 Þingskjal nr: 6

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- g) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- h) 10-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- i) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - f. 19 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og 2 efstu liðin í 1. deild taka sæti þeirra. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar skal leika við lið númer 3, 4 og 5 í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 10 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 11 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 8 lið í efri deild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 10 lið eða fleiri í efri deild.

Liðið í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

